

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 145/1994.

Pétur Pétursson

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Ólafi Sigurgeirssyni

og gagnsök

Ærumeiðingar. Ómerking. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1994. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. apríl 1994. Dómkröfur hans eru eftirfarandi:

„I. A. Að eftirfarandi aðdróttun, sem birtist á baksíðu Dags á Akureyri 24. mars sl., verði dæmd dauð og ómerk: „sem fengið hefur nöfn 35 manna lánuð til að geta stundað þá þökkaiðju að hindra embættismann í íslenska heilbrigðiskerfinu í að stunda sín skyldustörf“.

Að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

B. Ummæli stefnda í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 21. febrúar sl.: „Að vísu ber þetta náttúrulega að þakka Ólafi Sigurgeirssyni, í fyrsta lagi að hafa undirbúið stefnu sína svona illa og ófagmannlega, að málinu var vísað frá vegna vanreifunar“.

C. Ummæli stefnda í Dagblaðinu 22. febrúar sl.: „Mér skilst, að lögmaður stefnenda sé flúinn á fjöll og hafi lokað farsímanum. Hann hefur ekki verulega ánægju af þessu máli.“

D. Ummæli stefnda í Degi, Akureyri, þriðjudaginn 25. febrúar sl.: „Sjálfsýðingarhvötin er sterk hjá honum,“ sagði Pétur Pétursson um þá fyrirætlan lögmanns vaxtaræktarmanna að halda málinu áfram. „Það er minn hagr, að málið haldi áfram, og niðurstaðan á föstudag segir sína sögu um hæfileika Ólafs Sigurgeirssonar til að reka mál fyrir dómi.“

E. Ummæli stefnda í Dagblaðinu 24. mars sl.: „Ólafur kemur mér ekki lengur á óvart. Ég lít svo á, að hann sé í einhverjum ógöngum, blessaður maðurinn.“

2. Að stefndi verði dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar, þ. e. hörðustu refsingar skv. 234. gr., 235. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna ofangreindra ummæla.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 500.000,00 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987, III. kafla, frá 9. apríl 1992 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 9/4 1993, og dráttarvextir reiknist af þannig uppfærðum höfuðstól.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 100.000,00 kr. til þess að kosta birtingu dómsins í öllum dagblöðum.“

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi er heilsugæslulæknir á Akureyri, en gagnáfrýjandi héraðsdómslögmaður í Reykjavík. Mál þetta er sprottið af meiðyrðamáli, sem gagnáfrýjandi höfðaði á hendur aðaláfrýjanda fyrir hönd allmargra félagsmanna í Félagi áhugamanna um vaxtarækt með stefnu, þingfestri 17. maí 1991. Það mál var höfðað vegna ummæla, sem aðaláfrýjandi lét falla í viðtali, sem haft var við hann í þættinum Við leik og störf í Ríkisútvarpinu og vörðuðu misnotkun íþróttafólks á hormónalyfjum. Í því máli voru gerðar kröfur til ómerkingar ummæla, refsingar og verulegrar fjárhæðar í miskabætur. Héraðsdómari vísaði máli þessu frá bæjarþingi Akureyrar 21. febrúar 1992. Þau ummæli, sem hér eru til úrlausnar og fram koma í kröfugerð gagnáfrýjanda, féllu í tilefni þessa frávísunardóms nema ummælin samkvæmt E-lið. Hæstiréttur felldi frávísunardóminn úr gildi 20. mars sama ár og lagði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Féllu ummælin samkvæmt E-lið í framhaldi af dómi Hæstaréttar.

Viðtal það, sem haft var við aðaláfrýjanda í þættinum Við leik og störf, vakti töluverða athygli, og lögðu fjölmiðlar út af ummælum aðaláfrýjanda og ræddu við hann. Ýmsir fleiri læknar lögðu svo sitt af mörkum til umræðunnar.

Gagnáfrýjandi hafði 18. apríl 1991 fyrir þingfestingu máls vaxtaræktarmannanna kært aðaláfrýjanda fyrir þeirra hönd til siðanefndar Læknafélags Íslands. Með bréfi 14. maí 1991 hafði hann kvartað undan honum við Læknafélag Íslands. Í því bréfi sagði hann, að sér fyndust siðferðilegir brestir læknisins vera þess eðlis, að varhugavert væri, að aðaláfrýjandi héldi lækningaleyfi sínu. Þá hafði hann einnig kvartað undan aðaláfrýjanda við embætti landlæknis 15. maí 1991. Í Morgunblaðinu 26. september 1991 birtist grein eftir gagnáfrýjanda, þar sem stóð eftirfarandi setning: „Læknum er ekki sæmandi að votta slúður í umsögnum sínum, þeim er ekki sæmandi að bera einkamál manna á torg.“ Ljóst er af greininni, að hér er átt við aðaláfrýjanda og aðstoðarlandlækni. Í grein í Morgunblaðinu 27. febrúar 1992 uppfegnir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda. Þá sendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda bréf 14. júní 1991, líkast til af tilefni orða aðaláfrýjanda um málsókn vaxtaræktarmannanna. Bréf þetta er rakið í héraðsdómi, en skilja verður sendingu þess sem skens. Bréfi þessu fylgdi úrklippa frásagnar Morgunblaðsins 11. júní 1991 af dómi í óskyldu meiðyrðamáli og endurrit þess dóms.

II.

Í dómi Hæstaréttar í dag í máli því, sem til er vitnað hér að framan, kemst rétturinn að þeirri niðurstöðu, að fullt tilefni hafi verið til þess að vekja athygli íþróttafólks á þeirri hættu, sem er samfara misnotkun hormónalyfja. Þá fellst rétturinn einnig á það sjónarmið aðaláfrýjanda, að heilsugæslulæknum beri að vekja athygli manna á því, sem skaðlegt getur verið heilsu þeirra. Aðaláfrýjandi er síðan sýknaður af öllum kröfum vaxtaræktarmannanna með tilliti til þessa brýna tilefnis með tilvísun til grundvallarreglna íslenskrar stjórnskipunar um tjáningarfrelsi og þess, að ummæli aðaláfrýjanda voru almenns eðlis og náðu til stórs hóps manna.

Ummæli þau, sem stefnt er út af í þessu máli, ber að líta á í þessu samhengi og í ljósi þeirrar umræðu og deilna, sem orðið höfðu milli aðilanna. Verður að horfa til þeirra ummæla, sem gagnáfrýjandi hefur haft um aðaláfrýjanda opinberlega og að framan eru rakin, og þeirrar áreitni, sem fólst í bréfi hans frá 14. júní 1991. Þegar þessi atvik eru skoðuð, verður aðaláfrýjanda ekki refsað fyrir ummælin eða hann dæmdur til greiðslu fjárfkrafnna vegna þeirra.

Ummæli aðaláfrýjanda samkvæmt staflíðum C og E í kröfugerð gagnáfrýjanda eru ekki harkalegri en svo, að ekki eru efni til að ómerkja þau. Er þá meðal annars lítið til þeirra orða, sem á milli þeirra hafa farið. Ummælin í staflíð B falla í beinu framhaldi af frávísunardómi bæjarþings Akureyrar. Hæstiréttur hefur með ómerk-ingardómi sínum 20. mars 1992 þegar veitt gagnáfrýjanda uppreist vegna þeirra orða aðaláfrýjanda. Er því óþarft að ómerkja þau. Með ummælum samkvæmt staflíðum A og D er hins vegar vegið að störfum gagnáfrýjanda með óviðurkvæmilegum hætti. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt, og ber að ómerkja þau.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt þykir, að málkostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli aðaláfrýjanda, Péturs Péturssonar, í garð gagnáfrýjanda, Ólafs Sigurgeirssonar, sem fram koma í kröfugerð hans undir staflíðum A og D, skulu vera ómerk.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Péturs Kr. Hafstein

Við úrlausn málsins verður að líta til þess, að tjáningarfrelsi í ræðu og riti er hornsteinn íslenskrar stjórnskipunar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar, og ber að skýra ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með hliðsjón af því. Þær takmarkanir, sem tjáningarfrelsinu eru settar, verða að eiga sér örugga stoð í stjórn-lögum og þeim alþjóðlegu skuldbindingum um mannréttindi, sem Íslendingar hafa gengist undir. Í 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasátt-mála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1953, sbr. aug-lýsingu nr. 11/1954, og nú hefur verið veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, er mælt fyrir um heimild til lögbundinna tak-markana tjáningarfrelsis, meðal annars til verndar mannorði eða réttindum annarra, enda séu þær nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóð-félagi.

Hin umdeildu orð aðaláfrýjanda voru látin falla í kjölfar meið-

yrðamáls nokkurra vaxtarræktarmanna gegn honum, en gagnáfrýjandi var lögmaður þeirra í málinu. Því hafði skömmu áður verið vísað frá héraðsdómi, og var þeirri frávísun síðar hrundið í Hæstarétti. Í því máli, sem dæmt var hér fyrir dómi fyrr í dag, voru gerðar þungar bóta- og refsikröfur á hendur aðaláfrýjanda. Verður að líta til þessarar forsögu og einnig nokkurra ummæla gagnáfrýjanda um aðaláfrýjanda í fjölmiðlum og bréfum til Læknafélags Íslands, þar sem óneitanlega var sveigt að aðaláfrýjanda sem lækni. Auk þeirra orða gagnáfrýjanda, sem til er vitnað í dómi meiri hlutans, má nefna áburð hans í Degi á Akureyri 7. september 1991 um ofsóknir aðaláfrýjanda og aðstoðarlandlæknis á hendur vaxtarræktar- og kraftlyftingamönnum og svigurmæli hans í Ríkisútvarpinu 13. desember sama ár um fákunnáttu aðaláfrýjanda um lyfjanotkun íþróttar- og vaxtarræktarmanna. Er óhjákvæmilegt að skoða ummæli aðaláfrýjanda í ljósi þessara samskipta.

Það var hvatskeytlegt af aðaláfrýjanda og honum til lítils sóma að væna gagnáfrýjanda um að hafa fengið lánuð nöfn manna til mála-reksturs gegn sér, sbr. staflíð A í kröfugerð gagnáfrýjanda. Fullyrðing af þessu tagi hefur hins vegar ekkert raunhæft gildi, en sumir stefnenda í því máli komu sjálfir fyrir héraðsdóm. Hún er marklaust stílblagð, augljóslega úr tengslum við veruleikann og getur engan skaðað nema þann, sem lætur sér slíkt um munn fara. Ummæli aðaláfrýjanda samkvæmt staflíðum B og D lýsa skoðunum hans á lögmannsstörfum gagnáfrýjanda í undangengnum málaferlum, og ber að skoða þau sem slík. Framsetning þeirra verður eigi lögð að jöfnu við fjölmæli. Umyrði aðaláfrýjanda í staflíðum C og E eru meinlaus.

Samkvæmt framansögðu er ekki unnt að fallast á, að hin umdeildu orð aðaláfrýjanda hafi verið þess eðlis, að nauðsyn beri til þess að stemma stigu við þeim með áfellisdómi. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæma honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag og endurupptekið var að kröfu stefnda 21. s. m., hefur stefnandi, Ólafur Sigurgeirsson hdl., Austurströnd 3, Seltjarnarnesi, höfðað með stefnu, út gefinni 2. apríl 1992 og birtri 7. s. m., á hendur Pétri Péturssyni lækni, Hjarðarlundi 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. A. Að eftirfarandi aðdróttun, sem birtist á baksíðu Dags á Akureyri 24. mars 1992, verði dæmd dauð og ómerk: „sem fengið hefur nöfn 35 manna lánuð til að geta stundað þá þökkaiðju að hindra embættismann í íslenska heilbrigðiskerfinu í að stunda sín skyldustörf“.

Að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

B. Ummæli stefnda í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 21. febrúar 1992: „Að vísu ber þetta náttúrulega að þakka Ólafi Sigurgeirssyni, í fyrsta lagi að hafa undirbúið stefnu sína svona illa og ófagmannlega, að málinu var vísað frá vegna vanreifunar.“

C. Ummæli stefnda í Dagblaðinu 22. febrúar 1992: „Mér skilst, að lögmaður stefnenda sé flúinn á fjöll og hafi lokað farsímanum. Hann hefur ekki verulega ánægju af þessu máli.“

D. Ummæli stefnda í Degi á Akureyri 25. febrúar 1992: „Sjálfsýðingarghvötin er sterk hjá honum,“ sagði Pétur Pétursson um þá fyrirætlan lögmanns vaxtaræktarmanna að halda málinu áfram. „Það er minn hagur, að málið haldi áfram, og niðurstaðan á föstudag segir sína sögu um hæfileika Ólafs Sigurgeirssonar til að reka mál fyrir dómi.“

E. Ummæli stefnda í Dagblaðinu 24. mars 1992: „Ólafur kemur mér ekki lengur á óvart. Ég lít svo á, að hann sé í einhverjum ógöngum, blessaður maðurinn.“

2. Að stefndi verði dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar, þ. e. hörðustu refsingar samkvæmt 234. gr., 235. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna ofangreindra ummæla.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987, III. kafla, frá 9. apríl 1992 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 9/4 1993, og dráttarvextir reiknist af þannig uppfærðum höfuðstól.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 100.000 kr. til þess að kosta birtingu dómsins í öllum dagblöðum.

5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi, 187.540.- kr., og að málskostnaðarþjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, og dráttarvextir reiknist af þannig uppfærðum höfuðstól, í fyrsta sinn ári eftir upphafsdag vaxtanna.“

Stefndi krefst þess að vera alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur ríflegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að snemma árs 1991 hafi stefndi látið frá sér fara nokkur ærumeiðandi og óviðurkvæmleg ummæli um vaxtaræktarmenn í útvarpsþætti. Nokkrir þeirra, nánar til tekið 35, hafi falið stefnanda að höfða meiðyrðamál gegn stefnda, sem þingfest var 23. maí 1991. 5. september s. á. skilaði lögmaður stefnda greinargerð ásamt málsskjöllum. Í byrjun febrúar 1992 tilkynnti dómari málsins aðilum um munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda 17. febrúar s. á. Hinn 21. s. m. hafi dómari málsins, Ásgeir Pétur Ásgeirsson, kveðið upp frávísunardóm. Er dómurinn var upp kveðinn, kveðst stefnandi ekki hafa verið í bænum og ekki hafi náðst í sig til þess að tilkynna niðurstöðuna. Hafi stefndi hins vegar verið tiltækur og eftirtaldir fjölmiðlar átt viðtal við hann vegna dómsins: Ríkisútvarpið, Dagblaðið og Dagur á Akureyri. Í þessum viðtölum hafi stefndi farið lítilsvirðandi og niðrandi orðum um sig, sem var lögmaður annars málsaðilans, þ. e. a. s. þeirra 35 vaxtaræktarmanna, er ærumeiddir höfðu verið. Hafi ummæli stefnda verið árás á mannorð sitt og æru og til þess fallin að lækka hann í álit almennings. Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins sama dag er haft eftir stefnda: „Að vísu ber þetta náttúrulega að þakka Ólafi Sigurgeirssyni, í fyrsta lagi að hafa undirbúið stefnu sína svona illa og ófagmannlega, að málinu var vísað frá vegna vanreifunar.“ Í Dagblaðinu DV 22. s. m. sé enn haft eftir stefnda: „Mér skilst, að lögmaður stefnenda sé flúinn á fjöll og hafi lokað farsímanum. Hann hefur ekki verulega ánægju af þessu máli.“ Í Degi á Akureyri 25. s. m. er haft eftir stefnda: „Sjálfsýðingarghvötin er sterk hjá honum.“ Um þá fyrirætlun lögmanns vaxtaræktarmanna að halda máli sínu áfram sagði Pétur Pétursson: „Það er minn hagur, að málið haldi áfram, og niðurstaðan á föstudag segir sína sögu um hæfileika Ólafs Sigurgeirssonar til að reka mál fyrir dómi.“ Stefnandi kveðst hafa kært frávísunardóminn til Hæstaréttar Íslands, og 20. mars 1992 hafi Hæstiréttur kveðið upp dóm í málinu og vísað því heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar og dæmt stefnda til að greiða 30.000 kr. í kærumálsgjöld. Enn hafi verið höfð viðtöl við stefnda í Dagblaðinu og Degi og sem fyrr höfð eftir honum móðgandi ummæli og aðdróttandi. Í dagblaðinu Degi á Akureyri eru höfð eftir honum eftirfarandi ummæli 24. mars 1992: „Það fór ákaflega vel á með okkur, mér var vel tekið, og við sættumst heilum sáttum. Það kom mér ekki á óvart, því að ég hef fengið jákvæð viðbrögð frá öllum nema Ólafi Sigurgeirssyni, sem hefur fengið nöfn 35 manna lánuð til að geta stundað þá þokkaiðju að hindra embættismann í íslenska heilbrigðiskerfinu í að stunda sín skyldustörf.“ Hafi nú verið ærin ástæða orðin til málshöfðunar.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að fallast megi á það með stefnanda, að ummæli stefnda, sem tilgreind eru í kröfum hans undir tl. 1, A-, B-, C-, D- og E-staflíðum, séu ærumeiðandi aðdróttanir í garð hans og falli undir 234. og 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Enda þótt stefndi bendi réttilega á, að ýmis hnjóðs- og köpuryrði hafi fallið í sinn garð af hálfu stefnanda, sem í sjálfu sér geta móðgandi talist eða aðdróttandi, þá getur dómurinn ekki fallist á það sjónarmið hans, að í þessu tilfelli eigi 239. gr. alm. hgl. við, þ. e. eins og stefnandi bendir á, að hér sé ekki um að ræða orðhefnd stefnda eða retorsio. Tilgreind ummæli stefnda féllu vegna úrslita í héraði vegna frávísunardóms annars máls, er stefnandi rak fyrir aðra aðila í héraði og var síðan heim vísað af Hæstarétti, og verður að telja, að stefndi hafi með þeim ómaklega vegið að stefnanda sem málafærslumanni.

Einnig verður að fallast á þá kröfu stefnanda að dæma tilgreind ummæli stefnda ómerk, sbr. 241. gr. alm. hgl.

Rétt þykir einnig að verða við kröfu stefnanda um, að stefndi greiði honum miskabætur samkv. 264. gr. alm. hgl., og þykja þær hæfilega ákveðnar 20.000.- kr. ásamt vöxtum, eins og í stefnu greinir. Þá þykir einnig rétt að taka til greina kröfu stefnanda um, að stefndi greiði honum fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, 10.000.- kr., svo og, að hann greiði honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 45.000.- kr., ásamt vöxtum eins og krafist er. Eftir öllum atvikum þykir dóminum rétt, að stefnda sé gerð refsing vegna ummæla hans, sem þykja varða við 234. og 235. gr. alm. hgl., en að ákvörðun um refsingu stefnda verði frestað og hún látin niður falla að tveimur árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, enda haldi stefndi skilorð 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22/1955, í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Pétursson, greiði stefnanda, Ólafi Sigurgeirssyni, 20.000.- kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 9. apríl 1992 til greiðsludags, og leggjast áfallnir vextir við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 9. apríl 1993.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 45.000.- kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda 10.000.- kr. til að kosta birtingu dómsins.

Ákvörðun refsingar stefnda, Péturs Péturssonar, er frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá lögbirtingu dóms þessa, haldi stefndi almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22/1955.

Eftirfarandi ummæli stefnda, Péturs Péturssonar, um stefnanda, Ólaf Sigurgeirsson, eru dæmd ómerk: „sem fengið hefur nöfn 35 manna lánuð til að geta stundað þá þokkaiðju að hindra embættismann í íslenska heilbrigðiskerfinu í að stunda sín skyldustörf“. „Að vísu ber þetta náttúrulega að þakka Ólafi Sigurgeirssyni, í fyrsta lagi að hafa undirbúið stefnu sína svona illa og ófagmannlega, að málinu var vísað frá vegna vanreifunar.“ „Mér skilst, að lögmaður stefnenda sé flúinn á fjöll og hafi lokað farsímanum. Hann hefur ekki verulega ánægju af þessu máli.“ „Sjálfsýðingarhvötin er sterk hjá honum.“ „Það er minn hagr, að málið haldi áfram og niðurstaðan á föstudag segir sína sögu um hæfileika Ólafs Sigurgeirssonar til að reka mál fyrir dómi.“ „Ólafur kemur mér ekki lengur á óvart. Ég lít svo á, að hann sé í einhverjum ógöngum, blessaður maðurinn.“

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
